

Svar við fyrirspurn um verkefni formanns bæjarráðs af 1.fundi bæjarráðs 14.júní 2022

Fyrirspurn frá Örnú Ír Gunnarsdóttur, bæjarfulltrúa S-lista. 1. Í hverju felast nákvæmlega aukin verkefni formanns bæjarráðs frá því sem verið hefur nú þegar tekin hefur verið ákvörðun að þrefalda laun hans, hækka þau úr 21% af þingfararkaupi í 65% af þingfarakaupi? Hvert verður verksvið hans og hver er starfslýsingin? 2. Við það að verkefnum formanns bæjarráðs fjölga, hvaða verkefnum bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins mun þá fækka á móti?

Verkefni formanns bæjarráðs:

- Stýrir vikulegum fundum bæjarráðs og undirbýr fundarboð í samstarfi við bæjarstjóra og starfsmenn
- Undirbýr mál sem koma fyrir bæjarráð Árborgar. M.a. fundir með hagsmunaaðilum eða starfsmönnum sveitarfélagsins og eftir þörfum gerð minnisblaða eða öflun gagna sem þarf fyrir fundi
- Vinnur í samstarfi við bæjarstjóra að málefnum og erindum sem berast sveitarfélaginu með það að markmiði að þau fái réttan farveg og fljóta afgreiðslu
- Hefur umsjón með og fylgir eftir heildarstefnumörkun sveitarfélagsins sem nær til allra fagnefnda
- Vinnur að auknu samstarfi og samtali milli íbúa, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins við bæjarstjórn
- Er málsvari Sveitarfélagsins Árborgar ásamt bæjarstjóra með það að markmiði að auka upplýsingagjöf frá sveitarfélaginu

Með aukningu á hlutfalli formanns bæjarráðs er markmiðið að forsvaraðilar bæjarstjórnar Árborgar hverju sinni geti haft fulla athygli og aðkomu að málefnum sveitarfélagsins til að grundvöllur ákvarðanatöku bæjarstjórnar sé sem bestur, sveitarfélaginu til heilla. Markmiðið er að vinna enn betur að málefnum og heildarsýn sveitarfélagsins, auka skilvirkni mála inn í stjórnarsýsluna og efla enn frekar samtali og upplýsingagjöf til íbúanna okkar.

Verkefni forseta bæjarstjórnar eru samkvæmt samþykktum Svf. Árborgar

Forseti bæjarstjórnar undirbýr fundarboð bæjarstjórnar og stýrir fundum bæjarstjórnar sem eru tvisvar í mánuði eftir breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar í mars 2022.

“Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Í upphafi fundar les fundarstjóri upp nöfn þeirra fundarmanna sem mættir eru.

Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.”

Ekki er gerð nein breyting á verkefnum eða launakjörum forseta bæjarstjórnar umfram það sem bæjarstjórn Árborgar 2018-2022 samþykkti á fundi bæjarstjórnar 16. mars 2022. Á þeim fundi var samþykkt að fjölga bæjarstjórnarfundum í hverjum mánuði þannig að þeir yrðu tveir í stað eins áður.

Verkefni bæjarstjóra Árborgar

Verkefni bæjarstjóra eru skýrð í 49. gr. samþykktá Sveitarfélagsins Árborgar um stjórn og fundarsköp.

„Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst.

Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.“

Með þeim breytingum sem verða á hlutfalli formanns bæjarráðs er ekki verið að fækka verkefnum á hendi bæjarstjóra sem hefur skýrt verksvið samkvæmt lögum og bæjarmálasamþykkt. Markmið breytinganna er að bæjarstjóri og formaður bæjarráðs hafi enn betri grundvöll til að vinna saman að málefnum sveitarfélagsins.